21. **Gestur Gíslason á Hæli**

Fyrirsögn: Samtímamenn II.

5 blöð qto. rituð 15. mars 1932
og viðbætur $4\frac{1}{2}$ blað qto.

Samtals: $9\frac{1}{2}$ blað qto.

# Gestur Gíslason á Hæli.

var fæddur á Hæli í Gnúpverjahreppi, árid 1805; þar ólst hann upp og bjó þar allan sinn búskap. Hann dó árid 1880.

Gestur á Hæli — svo var hann almennt nefndur —, var skjótur til svars og ordheppinn. Ekki þéradi hann embættismenn eda þá er heldrimenn voru nefndir, sem þó var sidur manna á þeim tímum. Vid alla slíka menn og einkum þá, er mikid létu yfir sér eda þóttust ödrum fremri, en voru máske ekki, var hann ertinn og strídinn þegar hann var kenndur; ad ödru leyti var hann kurteis í vidmóti og allri framkomu, enda allstadar mikils metinn madur. Aldrei lét hann í ljósi neina ertni — jafnvel þó hann kenndur væri —, vid þá menn, sem minni háttar voru og allra síst vid börn, því hann var barngódur mjög og hjálpsamur aumingjunum, enda vidkvæmur í lund og brjóstgódur madur. Þad voru adeins heldri mennirnir, sem urdu fyrir bardinu á honum, þegar hann var kenndur og gengu margar sögur um vidureign hans vid þá, en þær eru nú flestar gleymdar.

Um eitt skeid var Lárus Sveinbjörnsen sýslumadur í Árnessýslu en ekki þótti hann vidfeldinn eda vinsæll medal alþýdu: Þeim þótti hann vera nokkud drambsamur; hann var adeins stoltur, ~~[illegible]~~ samur stórkostur.

Einhverju sinni er sýslumadur var nýlega kominn í sýsluna, bar svo vid ad Gestur á Hæli mætti honum á förnum vegi og var sýsluskrifari sýslumanns í fylgd med honum. Gestur vissi vel hvada mann þad væri, sem hann mætti og þúadi hann sýslumann í hverju ordi. Segir þá sýsluskrifarinn vid Gest: „Þad er sýslumadurinn, sem þú talar vid!“ „Þúar þú hann?“

Gestur svarar: „Ég þéra þann, sem meiri er, því Faðirvorið mitt er svona: 'Faðir vor, þú, sem ert á himnum', en hvernig er Faðirvorið ykkar?"

Gestur á Hæli var hestamaður mikill og átti jafnan góða hesta, er allir voru úrvalsgripir.

Einhverju sinni, er Gestur fór til Reykjavíkur um lestatímann, varð hann síðbúnari en samfylgdarmenn hans að leggja upp og af stað heim til sín úr höfuðstaðnum, því bæði var það, að hann var kenndur og svo hitt, að hann vissi að hann mundi fljótt draga þá uppi á Gamla Grána, sem hann hafði þá sem oftar til reiðar og var gæðingur mikill.

Gestur stóð nú á götunni í Reykjavík, hélt í tauminn á hesti sínum og var að tala við einhverja heldri menn bæjarins – hverjir það voru, greinir ekki sagan –, en samtal þeirra varð æ hærra og háværara sem lengur leið, því Gestur var vel upplagður að erta þá, en þeir þoldu honum það illa, enda þóttust þeir fara halloka fyrir honum. Varð rifrildið og hávaðinn orðinn svo mikill, að tveir lögregluþjónar – þeir voru ekki fleiri til í bænum þá – skárust í leikinn, tóku Gest höndum og löbbuðu af stað með hann upp í tugthús. Gestur lét þá leiða sig eins og lamb og hreyfði engum mótmælum. En er þeir voru komnir nokkuð áleiðis, spyr Gestur: „Má ég ekki sitja á klárnum hérna uppeftir; hér er svo bratt að ganga, en ég gamall og lúinn." Lögregluþjónarnir leyfðu honum að fara á bak. Gestur lætur tauminn upp á hestinn og stígur á bak, en lögregluþjónarnir ganga sinn við hvora hlið hans og halda í tauminn og fara þeir nú

ofurhægt upp eftir Bassara[illegible]-brekkunni. Gamli Gráni þekkti húsbónda sinn svo vel, að hann vissi, að þegar hann tifaði fótum sínum við síður hans, skildi hann það, að þá ætti hann að hvetja sporið og fara dálítið hraðara, hvað sem taumhaldinu liði. Gestur gerir nú hvort-tveggja í senn, að hann lemur fótunum í síður hestsins og slær í hann um leið, svo að hann þýtur eins og örskot á harða sprett og dragast lögregluþjónarnir með þeim nokkra faðma, uns þeir verða að sleppa taumunum. Segir þá Gestur, um leið og hann skildi þannig við þá: „Ég heiti Gestur ~~Hæli~~ og er frá Hæli! Étið þið sk.... og verið þið sælir!“

Einhverju sinni var Gestur á Hæli að koma úr kaupstað og var hann með lest. Ríða þá nokkrir Rangæingar fram á hann og var einn þeirra með 2 hesta til reiðar og lét hann mikið yfir sér og hestum sínum, og sagði, að ~~austan~~ vestan Þjórsár ætti enginn maður hest, sem kæmist úr sporunum. Segir þá Gestur: „Það er eins og vant er með montið í ykkur; ég þori að reyna við þig á hverjum áburðarklárnum mínum sem er, en hesturinn, sem ég ríð, þykir mér ofgóður til þess. Tekur Gestur þá baggana ofan af gömlum reiðhesti, leggur á hann hnakk sinn og hleypur á bak honum. Síðan hleypa þeir hestunum og fer hestur Gests langt fram úr hesti Rangæingsins; að reynslu þessari lokinni hættu Rangæingarnir að hrósa hestum sínum og riðu í fússi frá Gesti og lest hans.

Ragnheiður Thorarensen, dóttir Páls Melsteds amtmanns, ekkja Vigfúsar sýslumanns í Strandasýslu, var á Hæli, hjá Steinunni dóttur sinni og manni hennar, Einari, syni Gests gamla á Hæli, eftir að Einar tók

við búi á Holi, eftir föður sinn.
Fór frú Ragnheiður eitt sinn út í Grímsnes, til að finna son bróður sinn í Klausturhólum. Gestur gamli fylgdi henni fram að Reykjum á Skeiðum, en þar bjó þá Eiríkur Dannebrogsmaður; ætlaði hann einnig út í Grímsnes og átti frú Ragnheiður að hafa samfylgd hans. Þegar fram að Reykjum kom, segir Gestur við hann:
„Hérna kemur nú gamla konan og taktu nú við henni; hún er höfðingi, en þú höfðingjasleikja."

Þegar séra Stefán Stephensen var prestur á Ólafsvöllum, ætlaði hann að reyna hvernig svínarækt gæfist hér á landi. Keypti hann því þrjá grísi í Reykjavík og sendi þá austur með lest frá sér. Sjálfur var hann á eftir. Þegar hann kemur austur í Flóa, mætir hann Gesti á Holi, og spyr, hvort þeir hafi ekki orðið varir við svínalest. Gestur svarar samstundis og segir: „Við höfum engu svíni mætt, nema h.... stóra svíninu frá Ólafsvöllum!"
Ekki er þess getið, að séra Stefán hafi reiðzt þessu hrottalega svari Gests, enda munu þeir hafa þekkst vel áður og sennilega átt í brösum saman einhvern tíma fyrri. Séra Stefán vissi, að það var þýðingarlaust að reiðast slíkum svörum Gests, því öimur, og ekki betri mundu á eftir koma. Hins vegar má gera ráð fyrir því, að séra Stefáni hafi þótt gaman að svarinu, því sjálfur var hann spaugsamur og stundum djarftalur til orða.

Það var eitt sumar á lestunum, að Gestur á Holi var á heimleið úr Reykjavík og voru margir menn í ferð með honum. Riður hann

þá frá lestinni heim á bæ einn í Ölvesinu vestarlega, og maður einn með honum, en lestirnar héldu áfram austur Ölvesið. Á bænum var Gesti og fylgdarmanni hans gefið skyr. Talar þá Gestur um við húsfreyjuna, að sig langi til að gefa samferðamönnum sínum skyr. Húsfreyja telur engin vandkvæði á því, önnur en þau, að hana vanti ílát undir það. Segir þá Gestur: „Eg get látið það í hattinn minn!" og var það gert. Halda þeir síðan leið sína og heldur Gestur á hattinum í hendinni, en þegar þeir koma austur að Ingólfsfjalli, kemur Lárus Sveinbjörnsson þar á móti þeim. Segir þá Gestur: „Fram hjá þessum h..... ríð eg ekki berhöfðaður!" og setur upp hattinn.

Ath. Frásagnir þessar, um Gest á Hæli, hefi eg fengið frá Páli Lýðssyni hreppstjóra í Hlíð* og eru þær allar einar eins og eg hafði heyrt þær áður, nema síðasta frásögnin, og er hún ritað á öðrum stað í safni mínu. Þar er sagt, að Gestur hafi komið að Ormundarholti og fengið skyrið þar, og að hann hafi mætt Lárusi Sveinbjörnsen á Ásaveginum og sagt hin tilvitnuðu orð er hann mætti honum og sett hattinn á höfuð sér um leið.

Hvor frásögnin sé sannari, veit eg ekki, en þá fyrri heyrði eg í ungdæmi mínu; hina síðari hafði eg ekki heyrt fyr en nú.

Reykjavík, 15. marz 1932.

[signature]

---

* Hlíð er næsti bær við Hæli.

Eins og áður er sagt, var Gesti gamla í Holi uppsigað mjög, ef svo mætti að orði komast, við alla „heldrimenn" og þá einkum Lárus Sveinbjörnsson, meðan hann gegndi sýslumannsstörfum í Árnes-sýslu og var þetta alls ekki vegna þess, að Lárus komi neitt illa fram við hann – það gerði hann víst ekki við neinn –, heldur vegna þess, að Gesti þótti Lárus vera „stoltur", en það orð var misskilið mjög á þeim tímum og þótti hafa sömu þýðingu sem: drambsamur, þóttafullur eða gikkslegur.

Einhverju sinni var Gestur gamli í Holi á heimleið úr kaup-stað, ásamt mörgum mönnum öðrum og áðu þeir nálægt alfaravegi, tóku mal sinn og átu nesti. Bar þá svo við, að Lárus Sveinbjörnsson reið fram á þá. Fór hann af baki hesti sínum og gekk til ferðamannanna, til að spjalla við þá. Þegar Lárus hefir dvalið hjá þeim góða stund, stendur Gestur gamli upp, gengur til Lárusar og réttir honum hagldabrandshönk með annari hendi aftur fyrir bak sér og segir:

„Taktu við þessu, greyið mitt! Ég er ekki vanur að láta aumingja fara svo frá mér, að ég ekki víki þeim einhverju!"

Ekki er þess getið að Lárus hafi firrst við þetta, en nærri má geta, hversu honum hafi fallið slík ókurteisi, jafn ómakleg sem hún var.

## Gestur gamli í Hóli. (sjá blaðsíðu 50.)



Áður en Flóavegurinn var lagður austan frá Merkurlág, vestur að Ölvesár-brú og þaðan niður á Eyrarbakka, fóru Hreppa- og Skeiða-menn gamla þjóðveginn, hinn svo nefnda Ásaveg, en hann liggur, sem kunnugt er, neðantil við Skotmannshól, yfir Orustudal og niður hjá Önundarholti.

Er Önundarholt og Orustudalur alkunnir söguslaðir, því Önundur bíldur féll í Orustudal fyrir Gunnari í Gunnarsholti at tilvísan Arnar í Vælugerði.

Þótt það komi lítt við Kýmnisögukorni því, er ég flyt hér, vil ég geta þess, að þetta fornfræga heiti á bæ Arnar, Vælugerði, er nú breytt og heitir bærinn nú Þinghóll. Vegna einhverrar fordildar eða fáránlegs misskilnings, hefir sá, er nafninu breytti, bæjarheitinu gamla, haldið, að það væri niðrandi, og hefði orðið væla sömu merkingu og orðin ýlfra, ~~að~~ veina eða skrækja; en í fornu máli er orðið dregið af ~~orðinu~~ sögninni „að væla", þ.e. að brenna eða grisja skóg. Aðrir, t.d. Bjarni Thorarensen telur það þýða að véla og segir: „Væla oss forlög" o.s.frv. og Björn Halldórsson í Sauðlauksdal telur það ~~að~~ þýða að freta og segir: „þeir vældu lengi um daginn" o.s.frv.

Milli Skotmannshóls og Orustudals liggur Ásavegurinn yfir heiði all-háa, eins og nokkurskonar Krákustígur og norðan undir hárri brík, svo, að eigi sést þar til mannaferða, þó í gagnstæða leið séu, fyr en þeir mætast, svo eru leitin, sem ganga sunnan úr heiðinni há og kröpp, þar sem þau ná norður að veginum. Eða m.ö.o.: Sé Páll á leiðinni frá Skotmannshól, en Pétur á leið frá Önundarholti og kominn upp fyrir Orustudal, verða þeir hvorugir annars varir, fyr en þeir mætast

sia nörri, þó rekast hvor á annan, hjá einhverju leitinu, sem þeir fara framhjá á þessari leið.

Nú var það bóndi nokkur ofan úr Hreppum (Hrunamanna- eða Gnúpverja-hreppi), sem fór í Bakkaferð á vorlestum, ásamt fleiri sveitungum hans; en svo var ástatt með þennan bónda, að hann var, eins og fleiri á þeim tímum, oft kenndur af víni í ferðalögum og alkunnur að því að ybbast mjög við alla þá er taldir voru í heldri manna röð; sérstaklega átti þetta þó helzt við um sýslumenn og aðra slíka höfðingja: þá gat hann ekki augum litið, án þess að hreyta í þá ónotum eða jafnvel skömmum, þó ekkert ætti þeir illt úti standandi við hann.

Bóndinn og samfylgdarmenn hans voru nú á heimleið, en er þeir komu á móts við Gunnarsholt, reið bóndinn heim þangað af Hardavelli, en lét samfylgdarmenn sína halda áfram með lestina eins og leið lá yfir Ásana.

Í Gunnarsholti þáði bóndinn góðan beina, en áður hann fór þaðan, hafði hann orð á því við húsfreyjuna í Gunnarsholti, að ekki sýndi hann nú samferðamönnum ~~að~~ sínum mikið félagslyndi eða nærgætni með því, að ríða svona heim á bæina, þiggja þar góðgerðir fyrir sjálfan sig, en láta þá vera að tosast með lestina og fá ekki neitt af því sem hann þáði sjálfur. Hann spurði því húsfreyju, hvort hún gæti ekki látið hann fá eitthvað með sér, til að gefa samfylgdarmönnum hans á,

þegar hann næði til þeirra.

Húsfreyja kvaðst ekki hafa neitt fyrir hendi, nema skyr, en þá vantaði ílát undir það.

Nú voru góð ráð dýr, og hugsaði nú bóndinn um það nokkra stund, hvaða ráð hann ætti að hafa með það að koma skyrinu með sér til samfylgdarmanna sinna. Loksins fann hann ráðið. Ágætt ráð: Hann var sem sé með harðan hatt á höfðinu, einn af þeim, sem margir heldri bændur notuðu í þeim tímum og almennt voru kallaðir „hálfkaggar". Þeir voru í laginu líkastir pípuhöttum en talsvert lægri og flatir í kollinn. Það var sjálfsagt að láta skyrið í hattinn og reiða hann svo fyrir framan sig, þangað til hann næði samfylgdarmönnunum, enda skyldu þeir nú fá gott og nýlíð skyr, næst þegar þeir ætluðu að æja, uppi Kampholtsmýri, rétt fyrir ofan Skotmannshól.

Hann lét því skyrið í hattinn og reið af stað allshugarglaður og ánægður yfir þessu snjallræði, sem honum hafði komið í hug, að láta skyrið í hattinn.

En svo vildi honum það óhapp til, þegar hann var kominn austur fyrir Orustudal, að hann mætir mörgum lausahestum, klyfjuðum þverbaks-töskum og koffortum og fóru þeir geyst, því það var hvorki meira né minna en fylgdarmaður og skrifari sýslumannsins sjálfs, Lárusar Sveinbjörnsens, sem nú var að koma úr manntalsþingaferðum ofan úr Sveitum, sem hestana